

BRÍKK innkallar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes (HEF) BRÍKK Súkkulaðiköku vegna þess að hún inniheldur **möndlusmjör** og á umbúðunum kemur fram að varan gæti innihaldið snefilmagn af möndlum og hnetum. Þessar fullyrðingar um að varan geti innihaldið möndlur og/eða hnetur í snefilmagni eru því villandi og hættulegar neytendum sem hafa ofnæmi fyrir möndlum en þola þær í snefilmagni.

Upplýsingar um vöruna:

- Vörunerki: BRIKK
- Vöruheiti: Súkkulaðikaka
- Framleiðandi: Brikk Eldhús ehf, 491019-0930
- Best fyrir dagsetning: 2/9/26
- Nettó þyngd: 650g
- Geymsluskilyrði: Hilluvara
- Strikanúmer: 5694230457311
- Dreifing: Verslanir Krónunar (Mosfellsbæ, Grafarholt, Bíldshöfði, Lindir, Akrabraut, Flatarhraun, Norðurhella, Austurver, Skeifan, Borgartún, Hallveigarstígur, Grandi, Fitjar, Selfossi). Verslanir Hagkaup (Skeifan, Garðabæ, Spöng)

Neytendur með ofnæmi fyrir möndlum eru beðnir um að neyta vörunnar ekki og farga en einnig er hægt að skila henni til Brikk Eldhús ehf, Dalvegi 32b, 201 Kópavogi, gegn fullri endurgreiðslu.

BRIKK biður viðskiptavini sína afsökunar á óþægindum sem þetta kann að valda.

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að senda tölvupóst á netfangið: BRIKK@BRIKK.IS

